

Alþingi - Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 2. desember 2013
Tilvísun: UST20131100123/abg

Þingsályktun um uppbyggða vegi um hálendi Íslands. Umsögn.

Umhverfisstofnun vísar til erindis Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis dags. 18.nóvember sl. þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um tillögu að þingsályktun um uppbyggða vegi um hálendið, sbr. þingskjal 17 - 17. mál.

Fram kemur í tillögu til þingsályktunar að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að kanna þjóðhagslega hagkvæmni þess að hálendisvegir landsins verði bættir og lagfærðir og gerð verði forkönnun á umhverfisáhrifum og könnuð samfélagsleg áhrif framkvæmdarinnar m.a. á ferðaþjónustu, byggðaðþróun, öryggi og á tækifæri á norðurslóðum.

Umhverfisstofnun vill benda á að uppbyggðir vegir um hálendi Íslands gætu haft í för með sér margvísleg óæskileg áhrif. Ber þar fyrst að nefna neikvæð sjónræn áhrif mannvirkjanna sem um ræðir og skerðingu á víðerni á hálendi Íslands. Umhverfisstofnun bendir á að í stefnumörkun stjórnvalda „Velferð til framtíðar 2002-2020“ er sett fram það markmið að tryggt verði að stór samfelld víðerni verði áfram að finna í óbyggðum Íslands. Þar kemur einnig fram að stór samfelld víðerni sé varla að finna lengur í vestanverðri Evrópu, nema nyrst í Skandinavíu og á Íslandi. Ástæða sé til þess að ætla að slík víðerni fái aukið gildi í framtíðinni, bæði efnahagslegt og huglægt.

Rannsóknir hafa sýnt að það er náttúra Íslands, og sér í lagi hin hreina og óspillta náttúra hálendisins, sem hefur laðað að erlenda ferðamenn til landsins. Auk fjölbreytilegrar og einstæðrar náttúru felst aðdráttarafl hálendisins í fámenni, kyrrð og fjarlægð frá manngerðu umhverfi (Anna Dóra Sæþórsdóttir, 2010b, 2012), sjá http://skemman.is/stream/get/1946/14504/34466/1/%C3%81%C3%A6tlun_fer%C3%B0amennsku_Lokask%C3%BDrsla-3.pdf

Í dag eru Landmannalaugar innan friðlands að Fjallabaki einn vinsælasti áningarstaður öræfanna og var svæðið friðlýst árið 1979 og fer Umhverfisstofnun með umsjón þess. Verndargildi svæðisins og megineinkenni þess eru m.a. sérstakt en viðkvæmt lífríki, öræfaauðn og kyrrð. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að viðhalda þessum einkennum fyrir framtíðar kynslóðir að njóta.

Umhverfisstofnun bendir á að uppbyggðir vegir um hálendi Íslands koma til með að hafa í för með sér meiri umferð um hið viðkvæma svæði sem hálendið er og kann aukin umferð fólks að kalla á meiri ágang sem aftur kallar á aukna innviði. Umhverfisstofnun telur slíka uppbyggingu á hálendi Íslands ekki falla að þeim markmiðum sem sett hafa verið af stjórnvöldum hvað varðar vernd víðerna

þar sem tryggja á að stór samfelld víðerni þar sem sýnilegra áhrifa mannsins gætir lítt eða ekkert, sökum þess að slíkum svæðum fer óðum fækkandi á jörðinni. Einnig bendir Umhverfisstofnun á að skref í átt til verndunar víðerna hafi verið stigið með samþykkt svæðisskipulags miðhálandisins sem er enn í gildi en þar er ekki gert ráð fyrir slíkum mannvirkjum sem uppbyggðir hálandisvegir eru.

Umhverfisstofnun vill benda á að vegakerfi og uppbygging vega er víða í heiminum notað sem stjórnæki til að stýra ásókn á viðkvæmar náttúruperlur. Að banna umferð eða takmarka uppbygginu vega með þeim hætti að þeir séu einvörðungu færir vel búnum jeppum felur í sér náttúruvernd þar sem að slíkir vegir draga úr aðsókn, auk þess sem rannsóknir sýni að sterkar vísbendingar eru um að ferð á slíkum vegum sé eftirsóknarverð fyrir þá ferðamenn sem um þá fara. Umhverfisstofnun telur þó nauðsynlegt að leggja áherslu á að vegum sé vel við haldið á hálendi Íslands m.a. til þess að sporna gegn utanvegaakstri.

Virðingarfyllt

A. Birna Guttormsdóttir
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri

Agnar Bragi Bragason
Agnar Bragi Bragason
Lögfræðingur